

Mál nr. 6/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar læknis

Ágreiningur um réttarstöðu í tilefni af laseraðgerð þann 09.10. 1998 og 06.09. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 08.01. 2003, ásamt greinargerð dags. 05.01. 2003 og fylgiskjöllum merktum 1 – 7, þ.á m. ljósmyndir, bréfaskipti lögmanns M og vátryggingafélagsins og álitsgerð læknisins, dags. 29.04. 2002.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.01. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1139/2002.

Málsatvik. Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Álitafni máls þessa eru meint mistök læknis við framkvæmd aðgerðar (lasermeðferðar) og skorts á upplýsingagjöf til sjúklings (M).

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að umræddur læknir sé reyndur sérfræðingur á sínu sviði lýtalækninga. Ekkert hafi komið fram um að mistök hafi orðið við aðgerðir eða læknismeðferð. M hafi fengið upplýsingar fyrir aðgerð miðað við bestu vitneskju í læknisfræði á þeim tíma sem laser-meðferðinni var beitt. Aukin þekking á þessu sviði eða vitneskja um aukaverkanir sem kann að hafa komið fram síðar hafi ekki áhrif á mat á bótaskyldu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Læknirinn gerir grein fyrir afstöðu sinni í álitsgerð. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta. Hann vísar til upplýsingagjafar sinnar og einnig að komið hafi í ljós síðar að aukaverkanir í formi litabreytinga í húð séu algengari en áður var talið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi. Hún telur að mistök hafi verið gerð við aðgerðina og að hún hafi verið óforsvaranleg enda hafi komið fram verulegar litabreytingar á húð hennar eftir aðgerðina. Hún telur ljóst að læknirinn hafi tekið verulega áhættu er hann framkvæmdi aðgerðina. Hún hafi alls ekki verið vörud við þeim afleiðingum sem raun varð á. M kveður að læknirinn hafi sagt að aðgerðin væri hættulaus. Hún vísar til þess að læknum hafi ekki tekist að sanna að hann hafi upplýst um þá hættu sem fólst í aðgerðinni en það hafi verið nauðsynlegt eins og á stóð.

Álit. Talsvert ber í milli M og umrædds læknis um þá upplýsingagjöf sem M fékk fyrir þá læknismeðferð sem hér um ræðir. M þurfti ekki að undirrita yfirlýsingu um að henni hafi verið veittar upplýsingar um þá áhættu sem fyrir hendi var. Mikilvægt er við aðstæður sem þessar að upplýsingar séu veittar skriflega og að sjúklingur staðfesti að honum hafi verið veittar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsingagjöf virðist hafa verið áfátt í máli þessu. Þrátt fyrir framanritað er ekki að unnt að staðhæfa að mistök hafi verið gerð við aðgerðina eða eftirmeðferð hennar og ekki er unnt að leggja aukna sönnunarbyrði á lækinn. Eins og málið liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna að óforsvaranlegt hafi verið að framkvæma aðgerðina og síðari tíma þekking á mögulegum aukaverkunum, sem virðist tilkomin, hefur ekki í för með sér bótaskyldu. Með hliðsjón af framanrituðu hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu, miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða. Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. febrúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.